

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar  
b/t Haraldar Líndal Haraldssonar bæjarstjóra  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði



Reykjanesbæ, 16. febrúar 2018

Stjórn HS Veitna hf hefur ákveðið að boða til aðalfundar félagsins mánudaginn 19. mars 2018 á Brekkustíg 36, Reykjanesbæ og hefst hann kl. 17.00.

Dagskrá fundarins er þannig, samanber 13. gr. samþykktu félagsins:

1. Fundarsetning; Gunnar Þórarinsson, stjórnarformaður.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á næstliðnu starfsári.
4. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til samþykktar ásamt skýrslu endurskoðenda og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og um arðgreiðslur og framlög í varasjóð.
5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
6. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
7. Breytingar á samþykktum félagsins sbr. 22. grein samþykktu félagsins.
8. Kosning stjórnar félagsins sbr. 16. grein.
9. Kosning endurskoðenda sbr. 21. grein.
10. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Á áður nefndum stjórnarfundi samþykkti stjórnin einnig að leggja eftirfarandi tillögu fyrir aðalfund:

Lagt er til að keypt verði eigin bréf fyrir 500 m.kr. og að verðið verði sem næst innra virði samkvæmt uppgjöri ársins 2017 eða 13,2626. Að kaupnum frágengnum verði hlutafé félagsins fært niður samsvarandi.

Kauptilboðin verða þá þannig:

Eignaraðili	Keypt bréf	Kaupverð	Eign eftir sölu
Reykjanesbær	18.887.700	250.500.000	458.865.900
HSV eignarhaldsfélag slhf	12.962.089	171.911,000	314,724.579
Hafnarfjarðarbær	5.812.511	77.089.000	141.211.621
Sandgerðisbær	37.700	500.000	915.900
Samtals	37.700.000	500.000.000	915.900.000

Samþykki aðalfundur tillöguna er æskilegt að viðbrögð hluthafa við tilboðinu liggi fyrir sem fyrst til að unnt sé að ganga frá málinu. Þá verða gefin út ný hlutabréf og hluthafar skila inn núverandi hlutabréfum.

Varðandi samþykktir þá er lagt til að breyting verði gerð á 4. grein þar sem nú segir "Hlutafé félagsins er 953.600.000 króna" og í staðinn komi "Hlutafé félagsins er 915.900.000 króna" .


„Athygli er vakin á því að í 63. gr. a. hlutafélagalaga er ákvæði um að tilkynna skuli skriflega **skemmst fimm dögum fyrir hluthafafund**, þar sem kjósa á félagsstjórn, um framboð til stjórnar í hlutafélagi sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.-3. mgr. [98. gr. laga nr. 3/2006](#), um ársreikninga. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skuli geta auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.“

Jafnframt er vakin athygli á lögum um kynjahlutföll og að þar sem aðalmenn eru fjórir af öðru hvoru kyni þá verði varamenn þrír af því kyni.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar HS Veitna hf

  
Júlíus Jónsson  
forstjóri